

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - apríl 2001

Nú liggja fyrir tölur um afkomu ríkissjóðs eftir fyrsta ársþriðjung. Uppgjörið hér á eftir sýnir sjóðshreyfingar og er sambærilegt við almenn sjóðsstreymisfirlit. Tölurnar eru því ekki sambærilegar við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni.

Heildaryfirlit

Fyrstu fjóra mánuði ársins var handbært fé frá rekstri neikvætt um rúmar 200 m.kr., samanborið við 8,6 milljarða jákvæða stöðu í fyrra. Þessi niðurstaða er 2,4 milljörðum króna lakari en gert var ráð fyrir í áætlunum. Tekjur eru því sem næst í samræmi við áætlanir, en gjöldin eru umfram áætlanir og þar vegur þyngst 1,3 milljarða króna greiðslur vegna hæstaréttardóms um málefni öryrkja.

Tekjur hækka um 4,3 milljarða frá fyrra ári sem einkum má rekja til skatta á tekjur og hagnað. Gjöldin hækka hins vegar mun meira, eða um 13,1 milljarð króna. Um helmingur þessarar hækkunar stafa af sérstökum tilefnum sem ástæða er til að nefna. Þannig nemur hækkun vaxtagreiðslna um 2,6 milljörðum; sérstakar greiðslur til öryrkja nema 1,3 milljörðum króna; 1,1 milljarður skýrist af bættri greiðslustöðu Tryggingastofnunar ríkisins vegna sjúkratrygginga; uppkaua á fullvirðisrétti bænda nema 0,8 milljörðum og sérstök hækkun framlaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 0,9 milljörðum.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-apríl 2001 (Í milljónum króna)

	<u>1998</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>
Innheimtar tekjur.....	49.669	60.896	68.029	72.307
Greiðd gjöld.....	49.294	54.575	59.434	72.543
Handbært fé frá rekstri.....	376	6.321	8.596	-235
Fjármunahreyfingar.....	1.356	581	3.261	-1.699
Hreinn lánsfjárfjöfnuður.....	1.733	6.902	11.857	-1.934
Afborganir lána.....	-6.532	-16.386	-18.904	-21.440
Innanlands.....	-6.358	-6.734	-10.114	-6.687
Erlendis.....	-174	-9.652	-8.790	-14.753
Greiðslur til LSR og LH.....	0	-767	-2.000	-5.000
Lánsfjárfjöfnuður. brúttó.....	-4.800	-10.252	-9.045	-28.375
Lántökur.....	5.415	11.036	14.080	29.417
Innanlands.....	11.167	1.811	6.743	8.683
Erlendis.....	-5.752	9.225	7.337	20.734
Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....	617	785	5.034	1.042

Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 1,9 milljarða króna sem er um 3 milljörðum lakari útkoma en áætlað var og 13½ milljarði króna lakara en í fyrra. Skýringin á lakari útkomu en í fyrra er, auk þess sem áður er nefnt, að þá komu til greiðslu 5,5 milljarðar króna vegna sölu á hlutabréfum í ríkisbönkunum á árinu 1999.

Á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs voru auk þess greiddir 5 milljarðar króna í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins til að grynna á framtíðarskuldbindingum ríkissjóðs, en samkvæmt fjárlögum 2001 er áformað að greiða 15 milljarða í LSR.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2001 reyndist jákvæð um rúmlega einn milljarð króna, samanborið við 5 milljarða á sama tímabili árið áður.

Tekjur

Heildartekjur ríkissjóðs námu rúmum 72,3 milljörðum króna á fyrstu fjórum mánuðum ársins, tæpum 150 m.kr. umfram áætlun. Þetta samsvarar um 6,2% aukningu milli ára. Skatttekjur hækka heldur minna, eða um 5,7%, sem er aðeins helmingur þess sem var á sama tíma í fyrra og rétt rúmlega fjórðungur hækunarinnar á sama tíma árið áður.

Tekjur ríkissjóðs janúar-apríl 2001 (Í milljónum króna)

					Breyting frá fyrra ári, %		
	<u>1998</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>
Skatttekjur í heild.....	46.616	56.583	63.585	67.187	21,4	12,4	5,7
Skattar á tekjur og hagnað.....	14.438	16.527	20.098	23.509	14,5	21,6	17,0
Tekjuskattur einstaklinga.....	10.903	12.286	14.069	15.738	12,7	14,5	11,9
Tekjuskattur lögaðila.....	1.514	1.884	2.258	2.942	24,4	19,9	30,3
Skattur á fjármagnstekjur.....	2.021	2.357	3.771	4.829	16,6	60,0	28,1
Tryggingargjöld.....	4.825	5.770	6.166	6.716	19,6	6,9	8,9
Eignarskattar.....	2.384	2.631	2.943	3.398	10,4	11,9	15,5
Skattar á vöru og þjónustu.....	24.893	31.592	34.280	33.427	26,9	8,5	-2,5
Virðisaukaskattur.....	15.348	19.781	22.014	21.484	28,9	11,3	-2,4
Aðrir óbeinir skattar.....	9.542	11.810	12.263	11.945	23,8	3,8	-2,6
Þar af:							
Vörugjöld af ökutækjum.....	1.190	1.852	1.595	1.089	55,6	-13,9	-31,7
Vörugjöld af bensíni.....	2.121	2.115	2.420	2.266	-0,3	14,4	-6,4
Þungaskattur.....	1.178	1.418	1.674	1.832	20,4	18,1	9,4
Áfengisgjald og hagnaður ÁTVR..	2.287	2.533	2.490	2.451	10,8	-1,7	-1,6
Annað.....	2.766	3.892	4.084	4.307	40,7	4,9	5,5
Aðrir skattar.....	76	63	98	137	-17,1	55,6	39,8
Aðrar tekjur.....	3.049	4.674	4.496	5.116	53,3	-3,8	13,8
Tekjur alls.....	49.670	61.272	68.108	72.307	23,4	11,2	6,2

Skattar á tekjur og hagnað aukast þó enn töluvert á milli ára, eða um 17%, en það stafar einkum af mikilli aukningu í innheimtu á tekjuskatti lögaðila og fjármagnstekjuskatti. Innheimta á tekjuskatti einstaklinga eykst mun minna, eða um tæp 12%.

Mikið hefur hægt á veltunni í efnahagslífinu undanfarin misseri og á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs lækkuðu veltuskattar um 2,5% frá sama tíma í fyrra. Í þessu sambandi er vert að benda á að verðlag hefur á sama tímabili hækkað um tæplega 4% og endurspeglar þessi þróun því nokkurn samdrátt að raungildi. Þessa þróun má meðal annars rekja til verulegs samdráttar í vörugjöldum af ökutækjum en innflutningur af ökutækjum hefur dregist saman um rúm 30% milli ára. Vörugjöld af bensíni eru tæplega 280 m.kr. undir áætlun, en hér verður að hafa í huga að sveiflur í innflutningi á bensíni geta verið verulegar á milli mánaða og því má vænta þess að tekjur aukist þegar líður á árið.

Heildartekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti hafa dregist saman um 2,4% á milli ára. Minni tekjur af virðisaukaskatti má að verulegu leyti rekja til breyttrar samsetningar innflutnings þar sem vægi fjárfestingar- og rekstrarvara hefur stórukist á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs frá sama tíma í fyrra.

Virðisaukaskattstekjur af innflutningi jukust því um 9,4% frá sama tíma í fyrra. Slík breyting leiðir til þess að innheimtuhlutfall virðisaukaskattsins lækkar tímabundið þar sem sá skattur sem innheimtist við innflutning myndar jafnframt innskatt sem dregst frá útskatti við næstu skil. Það getur því valdið tímabundum sveiflum í innheimtu líkt og nú og reyndar á árunum 1997-1999.

Gjöld

Heildargreiðslur ríkissjóðs námu um 72½ milljarði króna á fyrsta ársþriðjungi ársins og er það 2½ milljarði króna umfram áætlun fjárlaga. Af einstökum liðum má nefna að umframgreiðslur lífeyrstrygginga nema 1,3 milljörðum í kjölfar hæstaréttardóms um örorkubætur. Gjöldin hækka um 13,1 milljarð frá fyrra ári sem einkum skýrist af fjórum tilfærsluliðum, sbr. umfjöllun hér að framan, svo og af 2,6 milljarða hærrí vaxtagreiðslum. Þar sem tímabilið til umfjöllunar er aðeins fjórir mánuðir má gera ráð fyrir því að frávik á einstökum liðum skýrist af tilfærslu milli mánaða.

Almenn mál. Útgjöld til almennra mála, en þar undir fellur æðsta stjórn ríkisins, standa í heild nánast í stað milli ára. Launa- og verðlagshækkun milli ára vegur upp á móti lægri greiðslum vegna umsýslu fasteigna og þess að á síðasta ári voru útgjöld verkefna tengd árpúsundaskiptunum um 150 m.kr. Hækkun gjalda löggæslu og öryggismála um tæpar 300 m.kr. skýrist að mestu af framkvæmdum við snjóflóðavarnir.

Félagsmál. Meira en helmingur af útgreiðslum á tímabilinu runnu til ýmissa félagsmála, svo sem fræðslu- menningar-, heilbrigðis- og tryggingamála. Útgjöld til þessa málaflokks hækka í heild um 6,9 milljarða króna milli ára. Hækkun vegna fræðslumála, rúmar 800 m.kr. kemur að hálfu fram í greiðslum til framhalds- og sérskóla, sem m.a. skýrist af viðbótaryfirvinnu eftir lok verkfalls framhaldsskólakennara. Þá eru einnig nokkrar tilfærslur milli mánaða. Þær koma fram sem hækkun greiðslna til Háskóla Íslands, 140 m.kr. og Lánasjóðs íslenskra námsmanna, 100 m.kr. Framlög til heilbrigðismála hækka um 2,4 milljarða króna, en þarf af skýrast um 900 m.kr. af bættari greiðslustöðu Tryggingarstofnunar ríkisins en hún ofmetur hækkun hjá sjúkratryggingum milli ára. Þá hækka rekstrarframlög til sjúkra- og öldrunarstofnana um rúman milljarð króna milli ára. Greiðslur almannatrygginga hækka um 3,2 milljarða eða 30%. Þar munar mestu um 1.300 m.kr. greiðslu vegna dóms Hæstaréttar í málefnum öryrkja, sem er afturvirk hækkun, 4 ár aftur í tímann. Auk þess hækka greiðslur til ellilífeyrisþega í samræmi við dóminn en taka þó aðeins til yfirstandandi árs. Greiðslur vegna bóta skv. lögum um félagslega aðstoð hækka um 800 m.kr. milli ára og er þar að mestu um tilfærslu milli mánaða að ræða. Hins vegar hækka greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs mun minna, eða um 50 m.kr., enda er atvinnuleysi nær óbreytt milli ára það sem af er árinu. Ný lög um fæðingarorlof hafa leitt til 260 m.kr. gjalda það sem af er árinu.

Gjöld ríkissjóðs janúar -apríl (Í milljónum króna)

	1999	2000	2001	Breyting í %	
				1999-2000	2000-2001
Almenn mál.....	6.116	6.915	7.198	13,1	4,1
Almenn opinber mál.....	3.617	4.076	4.064	12,7	-0,3
Löggæsla og öryggismál.....	2.499	2.840	3.136	13,6	10,4
Félagsmál.....	33.154	34.430	41.351	3,8	20,1
Þar af: Fræðslu- og menningarmál.....	7.522	8.107	9.191	7,8	13,4
Heilbrigðismál.....	13.191	13.867	16.229	5,1	17,0
Almannatryggingamál.....	10.648	10.572	13.781	-0,7	30,4
Atvinnumál.....	7.983	8.658	10.737	8,5	24,0
Þar af: Landbúnaðarmál.....	3.132	3.644	4.239	16,3	16,3
Samgöngumál.....	2.814	2.719	3.716	-3,4	36,7
Vaxtagreiðslur.....	5.467	7.012	9.613	28,3	37,1
Aðrar greiðslur.....	1.855	2.416	3.642	30,2	50,7
Greiðslur alls.....	54.575	59.434	72.543	8,9	22,1

Atvinnumál. Útgjöld til atvinnumála hækka samtals um rúma 2 milljarða króna, sem er 24% hækkun frá því í fyrra. Mestu munar um uppkaup ríkisins á fullvirðisrétti bænda, en 780 m.kr. eingreiðsla fór til þess verkefnis í janúar. Þá hækka greiðslur til samgöngumála um milljarð króna. Þar af eru 700 m.kr. hækkun til Vegagerðarinnar og tæplega 200 m.kr. til Siglingastofnunar. Framlög til Byggðastofnunar hækka um 300 m.kr. milli ára.

Vaxtagreiðslur hækka um 37%, eða 2,6 milljarða króna. Þar af hækka greiðslur vegna spariskírteina um 1,8 milljarða sem skýrist af því að stór flokkur spariskírteina kom til innlausnar í febrúar. Þá hækka vaxtagreiðslur vegna erlendra skammtímalána um rúmar 200 m.kr. milli ára.

Önnur útgjöld hækka um 1,2 milljarða króna milli ára og þar af skýrast 900 m.kr. af hærri greiðslum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Lánahreyfingar

Greiðslur fjármunahreyfinga námu 1,7 milljörðum króna en á sama tíma í fyrra námu innborganir 3,3 milljörðum. Skýring á þessum mun kemur einkum fram í því að í janúar á síðasta ári voru innborganir vegna sölu á hlutabréfum í ríkisbönkunum 5,5 milljarðar króna.

Afborganir lána ríkissjóðs námu 21,4 milljörðum króna og eru að stærstum hluta vegna erlendra lána. Í febrúar var á innlausn flokkur spariskírteina frá árinu 1990 og hafa bréf í þeim flokki verið innleyst fyrir um 8,8 milljarða króna en þar af voru afborganir 4,8 milljarðar. Auk þess hafa spariskírteini verið forinnleyst í uppkaupaútböðum úr tveimur spariskírteinaflokkum fyrir 3 milljarða króna að innlausnarvirði. Þar af nema afborganir 1,8 milljörðum. Uppkaup með þessum hætti beinast að þeim flokkum spariskírteina sem ekki eru nægilega seljanlegir á eftirmarkaði, eða stutt eftir að gjalddaga þeirra.

Ákveðið hefur verið að ráðstafa hluta lánsfjárafgangs ríkissjóðs til greiðslu lífeyrisskuldbindinga hans hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Greiðslur til sjóðsins voru 5 milljarðar króna samanborið við 2 milljarða í fyrra.

Lántökur ríkisins námu um 29,4 milljörðum króna. Þar af voru erlendar lántökur 20,7 milljarðar sem að stærstum hluta runnu til niðurgreiðslu erlendra skulda. Það sem af er árinu hefur stofn ríkisvixla stækkað um 6 milljarða króna, auk þess sem seld hafa verið ríkisbréf í nýjum 6 ára flokki fyrir um 2,5 milljarða króna.